

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Mýrdalshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, hefur sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkt eftirfarandi skipulagsáætlun:

#### *Breyting á deiliskipulagi austurhluta Víkur.*

Deiliskipulagsbreytingin nær yfir eftirfarandi svæði: ÍS7, ÍS8, A1, I1, I2, V35 auk þess sem hluta svæðis V36 var breytt í ÍS8. Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingum: hlutfall verslunar- og þjónustusvæðis sunnan Austurvegar er aukið á kostnað athafnasvæðis, iðnaðarsvæði er stækkað til austurs, íbúðarsvæði er stækkað og nýju íbúðarsvæði bætt við svo unnt sé að svara þörf fyrir fleiri lóðir fyrir minni íbúðir við núverandi götur innan þéttbýlisins og nýta þannig innviði sveitarfélagsins betur.

Samþykkt í sveitarstjórn 21. janúar 2021.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Vík í Mýrdal, 30. mars 2021.*

**George Frumuselu**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. apríl 2021